



## D Ó M U R

Þriðjudaginn 18. desember 2012

Mál nr. E-551/2012:

Stefnandi: Ríkissjóður Íslands

*(Eyvindur Sveinn Sólnes hrl.)*

Stefndi: Rétthafar flugskýlis 7

*(Valgeir Kristinsson hrl.)*

Dómari: Sigríður Ólafsdóttir héraðsdómari

Ár 2012, þriðjudaginn 18. desember, var í Héraðsdómi Reykjavíkur í málinu nr.

**E-551/2012:**

**Ríkissjóður Íslands**

**gegn**

**rétthafa flugskýlis**

kveðinn upp svohljóðandi

**d ó m u r**

**I**

Mál þetta, sem dómtekið var mánudaginn 10. desember sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Ríkissjóði Íslands, kt. 540269-6459, Arnarhváli, Reykjavík, með opinberri stefnu, útgefinni 12. desember 2011 af dómstjóranum í Reykjavík, og birtri í Lögbirtingablaði fimmtudaginn 5. janúar 2012 á hendur hverjum þeim, sem telur til réttar yfir flugskýli 7 á Reykjavíkurflugvelli.

**Dómkröfur stefnanda** eru þær, að viðurkenndur verður eignarréttur stefnanda að flugskýli 7 með fasteignamatarnúmer 202-9310-25-0101, sem stendur á Reykjavíkurflugvelli landnúmer 106748. Þá krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins, auk virðisaukaskatts, en stefnandi hefur ekki frádráttarrétt á móti virðisaukaskatti, sem hann þarf að greiða af málskostnaði.

**Dómkröfur stefnda, db. Helga Jónssonar**, eru þær, að dómkröfum stefnanda verði hafnað. Þá gerir stefndi kröfu um málskostnað að mati dómsins, auk virðisaukaskatts.

## II

### **Málavextir**

Stefnandi lýsir málavöxtum svo í stefnu, að umrætt skýli muni hafa verið reist á Reykjavíkurlflugvelli árið 1953, en það hafi áður verið staðsett á flugvellingum í Vestmannaeyjum. Samkvæmt afriti af fundargerð Flugráðs, sem fram fór þann 11. júní 1951, komi fram, að samþykkt hafi verið að láta rífa og flytja flugskýlið, sem þá hafi verið á Vestmannaeyjaflugvelli, til Reykjavíkur. Flugskólinn Þytur muni síðan hafa fengið skýlið til afnota það sama ár.

Samkvæmt kaupsamningi, dags. 19. maí 1969, milli Flugskólans Þyts hf. og Helga Jónssonar, hafi verið tekið fram, að kaupandi, Helgi Jónsson, fengi afnot af flugskýli, í eigu Flugmálastjórnar. Í afsali, dags. 2. maí 1973, sem gert hafi verið á grundvelli þessa kaupsamnings og vísi til hans, komi aftur fram í tölulið 6, að afsalshafi fái afnot af flugskýli í eigu Flugmálastjórnar. Sé óumdeilt, að flugskýli það, sem rætt sé um í þessum skjölum, sé flugskýli 7.

Þann 1. nóvember 1992 hafi verið gerður leigusamningur milli þrotabús Helga Jónssonar og Flugmálastjórnar um tímabundna leigu þrotabúsins á flugskýli 7.

Þann 31. október 1994 hafi Helgi Jónsson, f.h. Óðins hf., ritað bréf til Flugmálastjórnar Íslands, þar sem hann hafi óskað eftir að kaupa flugskýli nr. 7 á Reykjavíkurlflugvelli. Hafi sú ósk verið ítrekuð með bréfi, dags. 30. nóvember 1994. Bréfum þessum hafi verið svarað af hálfu Flugmálastjórnar með bréfi, dags. 21. febrúar 1995, þar sem fram komi, að stofnunin hafi ekki haft hug á að selja neina af fasteignum sínum á Reykjavíkurlflugvelli í náinni framtíð.

Helgi Jónsson hafi greitt leigugjald af flugskýlinu til Flugmálastjórnar á árunum 1996 og 1997, en óumdeilt sé, að flugskóli Helga Jónssonar hafi haft aðstöðu í flugskýlinu. Flugmálastjórn hafi þó í tvígang gert tilraun til að fá Flugskóla Helga Jónssonar borinn út úr flugskýlinun en í bæði skiptin hafi útburðarbeiðnum verið hafnað af Hæstarétti.

Í fyrra skiptið, nánar tiltekið í dómi Hæstaréttar í máli nr. 468/2003, hafi Flugmálastjórn byggt á því, að munnlegur leigusamningur væri til staðar um afnot Flugskóla Helga Jónssonar á flugskýlinu. Hafi Flugmálastjórn krafizt útburðar á grundvelli riftunar leigusamnings, enda hefði leigugjald ekki verið greitt síðan árið 1997. Hæstiréttur hafi hins vegar talið, að þar sem Flugskóli Helga Jónssonar ehf. hefði annazt viðhald á skýlinu, ætti sá kostnaður þeirra að ganga upp í greiðslu á leigu og m.a. af þeim sökum hafi Flugmálastjórn ekki tekizt að sýna fram á réttmæti riftunar. Hafi Flugskóla Helga Jónssonar í kjölfarið verið sent bréf, þar sem sagt hafi verið upp afnotum af flugskýli 7, dags. 8. febrúar 2005. Ári síðar, eða þann 28. marz 2006, hafi flugskólanum síðan verið sent bréf, þar sem þess hafi

verið krafizt, að skýlið væri rýmt, enda væri uppsagnarfrestur liðinn.

Þar sem ekki hafi verið orðið við tilmælum Flugmálastjórnar, hafi verið höfðað aðfararmál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, þar sem þess hafi verið krafizt, að Flugskóli Helga Jónssonar yrði borinn út úr flugskýlinu. Héraðsdómur hafi hins vegar talið, að ekki hefði verið sýnt fram á eignarhald flugskýlisins með nægjanlegum hætti, og hafi sú niðurstaða verið staðfest í Hæstarétti.

Stefnandi í máli þessu, íslenska ríkið, sé skjalfestur eigandi að viðbyggingu við umrætt flugskýli, sem beri fasteignamatnúmerið 202-9328-26 0101. Hafi það húsnæði verið metið heilsuspillandi og ónothæft, sbr. bréf frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, dags. 16. september 2010. Sé jafnframt mælt með því að húsnæðið verði rifið. Hafi áður verið gefin út niðurrifsheimild, en ekki hafi verið unnt að nýta þá heimild, þar sem nauðsynlegt sé að rjúfa rafmagn til húsnæðisins, en það liggur í gegnum flugskýli 7. Hafi flugmálayfirvöldum hingað til verið meinaður aðgangur að skýlinu af Flugskóla Helga Jónssonar.

Sé stefnanda þannig nauðsynlegt að fá staðfestingu á eignarhaldi sínu á umræddu flugskýli.

Sótt var þing af hálfu dánarbús Helga Jónssonar, þar sem kröfum stefnanda er mótmælt.

### III

#### **Málsástæður stefnanda**

Stefnandi byggir á því, að samkvæmt matsvottorði Þjóðskrár Íslands, dags. 24. janúar 2011, sé Ríkissjóður Íslands, kt. 540269-6459, skráður eigandi Flugskýlis 7, fastanúmer 202-9310 25 0101, dskj. nr. 3, og óski viðurkenningar á skráðum eignarrétti sínum.

Stefnandi höfði mál þetta sem eignardómsmál, enda sé óvíst hver eða hverjir gætu verið varnaraðilar málsins. Stefnanda sé því ekki önnur leið fær en að höfða málið sem eignardómsmál skv. 122. gr. laga. nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Hins vegar megi geta þess, að stefnandi hafi reynt málshöfðun gegn aðila, sem óumdeilanlega hafi haft aðstöðu í umræddu flugskýli, en því máli hafi verið vísað frá, sbr. úrsk. í máli nr. E-1416/2011. Í ljósi þeirrar niðurstöðu telji stefnandi enn frekari nauðsyn á að höfða mál þetta sem eignardómsmál.

Stefnandi byggir kröfu sína um viðurkenningu eignarréttar að umræddu flugskýli á eftirfarandi atriðum:

-

Opinber skráning

Ríkissjóður Íslands sé skráður eigandi umrædds flugskýlis samkvæmt Þjóðskrá, dskj. nr. 3. Hafi eigendaskráning frá upphafi verið með þeim hætti, að íslenska ríkið, eða ríkisstofnun fyrir hönd ríkisins, hafi verið skráður eigandi. Þannig hafi Flugmálastjórn verið skráð sem eigandi og greitt af skýlinu fasteignagjöld, dskj. nr. 22, og síðan Isavia ohf. (áður Flugstoðir ohf.), dskj. nr. 23.

Stefnandi telji ekkert hafa komið fram, sem geti hnekkkt umræddri skráningu og þannig sé sýnt, að Ríkissjóður sé eigandi flugskýlisins.

-

#### Þinglýst skjöl

Samkvæmt kaupsamningi, dskj. nr. 4, milli Helga Jónssonar og flugfélagsins Þyts, kaupi Helgi húsnæði Flugskólans á Reykjavíkflugvelli, „ásamt afnotum af flugskýli, sem er eign Flugmálastjórnarinnar“. Skjalið hafi verið mótttekið til þinglýsingar þann 28. marz 1972. Afsal hafi síðan verið gert á grundvelli kaupsamnings þann 2. maí 1973, en í afsali komi sérstaklega fram, að hinu selda fylgi „afnot af flugskýli í eigu Flugmálastjórnar“, dskj. nr. 5. Sé afsalið mótttekið til þinglýsingar þann 7. maí 1973 og undirritað af Helga Jónssyni.

Þau þinglýstu skjöl, sem séu til um umrætt flugskýli, sanni, að álitu stefnanda, að Ríkissjóður Íslands sé eigandi þess. Sé óumdeilt, að um sé að ræða flugskýli 7, sbr. dskj. nr. 26.

-

#### Leigusamningur

Í málinu liggja jafnframt fyrir leigusamningur, dskj. nr. 6, sem gerður hafi verið milli þrotabús Helga Jónssonar og Flugmálastjórnar, sem hafi haft umsjón með flugskýli 7, eins og áður segi. Kveði leigusamningurinn á um, að þrotabúið taki flugskýli það á leigu, sem Flugskóli Helga Jónssonar hafi haft á leigu á Reykjavíkflugvelli. Sé jafnframt kveðið á um, að þrotabúið greiði kr. 45.000 á mánuði.

Stefnandi telji þennan leigusamning sanna, að Ríkissjóður Íslands sé eigandi umrædds flugskýlis.

-

#### Viðurkenning Helga Jónssonar á eignarhaldi stefnanda

Stefnandi byggir á því, að Helgi Jónsson hafi með margvíslegum hætti viðurkennt og staðfest eignarrétt stefnanda að hinu umrædda flugskýli. Þannig vísist í fyrsta lagi til kaupsamnings og afsals, dskj. nr. 4 og 5, sem áður sé getið og Helgi heitinn Jónsson hafi undirritað. Í öðru lagi vísist til leigusamnings sem skiptastjóri þrotabús Helga Jónssonar hafi undirritað, dskj. nr. 6. Í þriðja lagi vísist til tveggja bréfa, sem Helgi Jónsson hafi ritað til Flugmálastjórnar á árinu 1994, en þar óski hann eftir

kaupum á flugskýli nr. 7, dskj. nr. 7 og 8.

Stefnandi vísi til þeirrar staðreyndar, að Helgi Jónsson hafi, á árunum 1996 og 1997, greitt leigugreiðslur til Flugmálastjórnar samkvæmt hreyfingarlistum úr bókhaldi Flugmálastjórnar, dskj. nr. 10 og 11.

Byggi stefnandi á því, að viðurkenning Helga Jónssonar á eignarhaldi stefnanda með þessum hætti staðfesti og sanni eignarhaldið.

Jafnframt sé byggt á því, að Flugskóli Helga Jónssonar og Helgi Jónsson hafi, við rekstur Hæstaréttarmálsins nr. 468/2003, viðurkennt eignarhald stefnanda. Í því máli hafi þessir aðilar lagt fram drög að samkomulagi, dskj. nr. 24, þar sem gert hafi verið ráð fyrir því, að útlagður kostnaður skólans vegna viðhalds á flugskýli 7 kæmi til frádráttar leigugjaldi til handa Flugmálastjórn. Í málinu hafi Flugskólinn krafizt þess, að Flugmálastjórn tæki þátt í kostnaði vegna viðhalds á skýlinu, og slíkur kostnaður ætti að koma til frádráttar leigugjaldi, dskj. nr. 25. Sé engin leið að skilja afstöðu aðila í því máli með öðrum hætti en að slíkar kröfur hafi byggzt á eignarhaldi ríkisins, enda hafi niðurstaða héraðsdóms verið sú, að Flugmálastjórn færi með umsýslu skýlisins í umboði ríkisins. Þeirri forsendu hafi ekki verið hafnað af Hæstarétti.

#### Yfirlýsing Karls Eiríkssonar og fundargerð Flugráðs

Einnig byggi stefnandi á yfirlýsingu Karls Eiríkssonar, dskj. nr. 26. Karl hafi verið framkvæmdastjóri og stjórnarmaður í Flugskólanum Þyt hf. frá stofnun félagsins árið 1951 til ársins 1969. Í yfirlýsingu Karls komi fram, að árið 1953 hafi Flugskólinn Þytur hf. fengið afnot af flugskýli 7 leigulaust með samþykki Flugmálastjórnar, eftir að skýlið hafði verið flutt frá Vestmannaeyjum og reist á Reykjavíkflugvelli. Þegar aðstaða félagsins var seld Helga Jónssyni árið 1969, hafi sérstaklega verið tekið fram, að afnot af umræddu flugskýli fylgdi kaupunum og það væri í eigu Flugmálastjórnar. Þannig hafi flugskýlið alltaf verið í eigu Flugmálastjórnar. Sé þetta í samræmi við fundargerð Flugráðs þann 11. júní 1951, en þar sé samþykkt að flytja skýlið til Reykjavíkur frá Vestmannaeyjum, dskj. nr. 27.

Stefnandi telji ofangreindar málsástæður hverja fyrir sig sanna með fullnægjandi hætti eignarhald ríkisins á umræddu flugskýli. Séu ofangreind atvik og málsástæður virtar heildstætt, verði, hvað sem öðru líð, að telja sýnt, að Ríkissjóður Íslands sé eini mögulegi eigandi umrædds skýlis.

Stefnandi vísar um kröfur sínar til grundvallarreglna eignarréttar og einkamálaréttarfars um sönnun eignarréttar.

Málið sé höfðað með heimild í 122. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Málið sé höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur skv. 2. mgr. 120. gr., sbr. 2. mgr. 122. gr. sömu laga. Stefna þessi sé birt í Lögbirtingablaðinu skv. 3. mgr. 121. gr., sbr. 2. mgr. 122. gr. laga nr. 91/1991.

Kröfu um málskostnað styðji stefnandi við 1. mgr. 130. gr., sbr. 129. gr. laga 91/1991 um meðferð einkamála.

-

### **Málsástæður stefnda**

Stefndi byggir á því, að stefnandi hafi ekki fært sönnur að því, að hann hafi nokkurn tíma verið eða orðið eigandi að flugskýli 7 með fasteignamatnúmer 202-931-25-0101.

Stefndi kveður það vefjast fyrir stefnanda að gera grein fyrir uppruna flugskýlisins eða því að telja, að skýlið hafi verið reist árið 1950, og að það hafi áður staðið á flugvellinum í Vestmannaeyjum.

Engin grein sé gerð fyrir eignarhaldi skýlisins, sem þar hafi verið staðsett, en á árinu 1950 hafi flugrekstur til Vestmannaeyja verið hjá Flugfélagi Íslands og Loftleiðum. Flugskýlið í Vestmannaeyjum hafi verið kallað Flugskýli Loftleiða hf. Loftleiðir hf. hafi síðan hætt í innanlandsflugi til Vestmannaeyja og líkur séu á, að félagið hafi flutt flugskýlið, hugsanlega selt það, en það muni hafa verið endurreist í Reykjavík. Flugafgreiðsla Flugfélags Íslands sé afar gömul og að stórum hluta braggabygging. Stefnda sé kunnugt, að flugskýli, sem áður hafi verið í Vestmannaeyjum, hafi verið flutt til Reykjavíkur, og það sé uppistaðan í flugafgreiðslu Flugfélags Íslands við Þorragötu.

Hér séu nefndar líklegar tilgátur, sem nauðsynlegt sé að sannreyna og í þessu atriði málsins beri stefnandi sönnunarbyrði fyrir því, að hann hafi verið eigandi þessa flugskýlis. Fáir hann ekki slegið eign sinni á fasteignir, nema gera skýra grein fyrir uppruna málsins að þessu leyti.

Stefnandi vísi til dómskjals nr. 4, kaupsamnings frá 19.05. 1969 milli Flugskólans Þyts hf. og Helga Jónssonar. Viðsemjandi Þyts hafi verið Helgi Jónsson persónulega, og skýri það aðild hans að málinu. Helgi hafi látizt í september 2008. Ekkja hans sitji í óskiptu búi og sé dánarbúið því réttur aðili til varna í málinu.

Að því er varði flugskýli, (sbr. dskj. nr. 4 og 5), sem ekki sé nánar lýst, þá hafi legið þannig í málinu, að seljandi hafi talið sig eiga flugskýlið en hafi ekki haft þinglýsta eignarheimild að því. Skýlið standi að hluta á landi ríkisins og að hluta á landi Reykjavíkurborgar.

Heildarverðið á því, sem viðskiptin ná til, kr. 3.500.000, endurspegli söluverð á flugskýlinu, eða að verðmæti þess hafi verið innifalið í heildarverðinu. Stefnandi hafi lagt fram dómskjal nr. 27, undirritað af Karli Eiríkssyni, áður stjórnarmanni í flugskólanum Þyt. Stefndi telji skjalið ekkert gildi hafa fyrir þetta mál. Karl hafi farið út úr Þyti, líklega 1963, og farið þá með eina flugvél út úr félaginu. Þessa flugvél hafi Karl lánað Helga það ár, þegar hann var að safna flugtímum í flugnámi sínu. Karl geti því ekkert vottað um samskipti Helga og Björgvins Hermannssonar og hvað hafi farið fram þeirra í milli, þegar viðskiptin um kaup á eignum Þyts hf. hafi átt sér stað. Stefndi telji, að eigendaskipti hafi orðið á Þyt hf. um 1963, þegar

Björgvin Hermannsson hafi keypt félagið og fyrri eigendur farið úr félaginu og stjórn þess, þar á meðal Karl Eiríksson.

Það séu út af fyrir sig einkennileg lögskipti, sem Karl gefi upp, að Flugmálastjórn hafi átt flugskýlið, en Þytur hf. haft endurgjaldslaus afnot af því, ekki aðeins í einhver ári, heldur áratugi.

Frá þessum tíma, eða 1969 að telja, hafi stefndi farið með flugskýlið sem sína eign, notað það við eigin flugrekstur, viðhaldið flugskýlinu á sinn kostnað, greitt af því fasteignagjöld o.s.frv., og enginn annar aðili notað eða nýtt eignina. Stefndi hafi ekki stigið þar inn fæti allan þennan tíma. Allan tímamann frá 1969 hafi stefndi ekki farið fram á neina leigu. Stefndi hafi greitt fasteignagjöld af eigninni allt þar til stefndi hafi einhliða ákveðið að greiða fasteignagjöld sjálfur, líklega 1993. Það hafi stefndi gert í skjóli stöðu sinnar sem yfirvald og án þess að bera það undir stefnda. Þessi ráðstöfun sanni því ekki nokkurn skapaðan hlut. Sérstaklega sé því mótmælt, að með þessari einhliða skráningu stefnanda á skýlinu í fasteignaskrá sé stefndi orðinn skjalfestur, skráður eigandi að því, eins og stefndi orði það, og því síður hafi stefndi sannað það með því að vera skráður eigandi umrædds flugskýlis samkvæmt þjóðskrá eða opinberri skráningu, eins og stefndi komist að orði í stefnu.

Stefndi staðhæfi, að Flugskólinn Þytur hafi aldrei gert leigusamning við stefnanda og aldrei greitt húsaleigu fyrir skýlið. Stefndi hafi heldur aldrei gert leigusamning við stefnanda, hvorki munnlegan né skriflegan, og aldrei greitt húsaleigu.

Stefndi vísi til leigusamnings, sem gerður hafi verið milli skiptastjóra þrotabús Helga Jónssonar (dskj. nr. 6) sem sönnun fyrir eignarhaldi stefnanda. Þessari röksemd sé hafnað. Það sé óviðkomandi lögmaður, sem gert hafi þennan samning upp á sitt eindæmi, án samþykkis stefnda. Helgi Jónsson hafi fengið bú sitt afhent að nýju úr hendi skiptastjóra og hafi ekki verið um frekari greiðslur að ræða af hendi þrotabúsins eftir það, og ekki heldur úr hendi stefnda, hvorki fyrir né eftir þessi tímamörk. Þess vegna verði ekkert ályktað um viðurkenningu stefnda vegna þessara samskipta.

Stefndi vísi til kaupsamnings og afsals (dskj. nr. 4 og 5), sem Helgi Jónsson hafi ritað undir persónulega. Andmæli gegn þessum röksemdum séu þegar komin fram hér að framan. Það, sem sé nýtt hjá stefnanda, sé að telja tvö bréf til Flugmálastjórnar, þar sem Óðinn hf. flugfélag óski eftir kaupum á flugskýlinu (dskj. nr. 7 og 8).

Af þessum gögnum verði einungis ráðið, að félög sem tengist Helga heitnum Jónssyni hafi óskað eftir kaupum og afsali, en það hafi komið til af þeirri einföldu ástæðu, að Helga hafi skort þinglýsta eignarheimild og talið, að lausn á því fengist með samningi við FMS. Ekkert komi fram um kaupverð, enda hafi ekki staðið til að greiða fyrir skýlið. Kjarni málsins hafi verið sá að fá þinglýsta eignarheimild, og fengist hún útgefin af FMS, yrði henni væntanlega þinglýst án athugasemda sýslumannsins í Reykjavík. Á þessum tíma hafi stefndi afsalað ýmsum flugskýlum til rekstraraðila á Reykjavíkflugvelli fyrir lágar fjárhæðir og jafnvel ekki neitt. Helgi hafi þess vegna farið fram á afsal, eins og aðrir rekstraraðilar á flugvöllinum.

Því sé haldið fram, að stefndi hafi greitt leigugreiðslur, sbr. dskj. nr. 10, 11 og 12, sem stefnandi telji enn eina sönnunarfærslu fyrir kröfum sínum.

Þessum rökum sé mótmælt. Stefndi hafi aldrei greitt stefnanda leigu fyrir flugskýlið. Það sé ekkert hald í því að leggja fram innanbúðargögn sem sönnunargögn. Ekki komi fram, að reikningarnir hafi verið greiddir eða bakfærðir í bókhaldi stefnanda.

Stefnandi hafi beitt sömu röksemd í hæstaréttarmálinu nr. 468/2003 frá 17. desember 2003: Flugmálastjórn gegn Helga Jónssyni og Flugskóla Helga Jónssonar ehf. Þar segi meðal annars.:

Sóknaraðili hefur lagt fyrir Hæstarétt reikninga fyrir árin 1996 og 1997 ásamt hreyfingarlistum úr bókhaldi sínu vegna sömu ára. Samkvæmt kæru sóknaraðila er þessum gögnum ætlað að „sanna að með greiðslu á níu reikningum á árunum 1996-1997 hafi varnaraðilar viðurkennt að þeir leiði afnotarétt sinn af flugskýli nr. 7 á Reykjavíkflugvelli frá leigusamningi við sóknaraðila.“

Gegn andmælum varnaraðila verður ekki heldur séð að sóknaraðili hafi gert reka að því að krefjast greiðslu úr hendi varnaraðila fyrir þessi not þeirra á nefndu skýli. Nægir í þessu sambandi ekki að vísa til gamalla reikninga og hreyfingarlista úr bókhaldi sóknaraðila.

Hæstiréttur hafi því þegar hafnað þessari röksemd sem sönnun fyrir því, að stefndi hafi greitt stefnanda þá meintu húsaleigu, sem hér sé getið um.

Stefndi mótmæli því og hafni öllum rökum stefnanda í málinu.

Stefndi hafi notað, hagnýtt sér og rekið flugskýlið í eigin þágu samfellt frá 19. maí 1969 og talið það sína eign allan þennan tíma. Stefndi hafi ekki stigið þarna inn fæti sínum en hafi freistað þess að fá stefnda borinn út úr húsnæðinu en ekki haft erindi sem erfiði og af réttum og löglegum ástæðum.

Eina undantekningin sé, að löglærður skiptastjóri þb. Helga Jónssonar hafi gert leigusamning við stefnanda, tímabundinn frá 1. nóvember 1992, ráðgert til janúar/febrúar næst á eftir. Stefndi hafi tekið vörslur skýlisins strax á eftir en enga leigu greitt fyrir, hvorki til stefnanda né annars aðila. Þessi tími skapi stefnanda engan rétt. Samkvæmt framangreindu hafi stefndi öðlazzt eignarrétt að nefndu flugskýli fyrir hefð, sbr. lög nr. 40/1905 um hefð, og uppfylli öll lagaskilyrði og eigi því rétt til þess að eignast skýlið með því að höfða mál til viðurkenningar á þessum rétti sínum.

Hefðargrundvöllur stefnda upphefji stefnukröfur stefnanda og leiði til sýknu.

Stefndi hafi ekki aðeins haft skýlið til afnota, heldur hafi hann einn notað og hagnýtt sér það með útilokandi hætti gagnvart öðrum, flugvallarstæðið sunnan við

flugskýlið, sem afmarkist af akbraut (taxiway) að flugbraut 31 á flugvelliinum.

Af ofangreindum ástæðum og rökum beri að sýkna stefnda af kröfum stefnanda og dæma stefnanda til greiðslu málskostnaðar.

Stefndi telji dskj. nr. 18-25 máli þessu óviðkomandi.

## IV

### **Forsendur og niðurstaða**

Fyrir dómi gáfu skýrslu Jytte Th. M. Jónsson, eigandi flugskóla Helga Jónssonar, Karl Eiríksson og Áslaug Guðrún Aðalsteinsdóttir, verkefnastjóri hjá ISAVIA.

Stefndi dregur í efa, að flugskýli það, sem ágreiningur aðila stendur um og kallað er flugskýli nr. 7, sé sama skýlið og flutt var frá Vestmannaeyjum upp úr miðbiki síðustu aldar. Ekkert hefur komið fram í málinu, sem styður þá tilgátu stefnda, að það skýli sé nú uppistaðan í flugafgreiðslu Flugfélags Íslands. Þá stangast sú tilgáta á við yfirlýsingu Karls Eiríkssonar á dskj. nr. 26, sem hann staðfesti fyrir dómi að væri rétt, en hann kvað eigendur Þyts m.a. hafa komið að einhverju leyti að uppsetningu skýlisins í Reykjavík.

Samkvæmt dskj. nr. 3, matsvottorði Þjóðskrár Íslands, er skýlið skráð sem eign Ríkissjóðs Íslands á árinu 2011. Af hálfu stefnda hefur sú skráning ekki verið dregin í efa.

Stefnandi vísar til kaupsamnings frá 19. maí 1969 og afsals frá 2. maí 1973, þar sem Flugskólinn Þytur selur og afsalar Helga Jónssyni m.a. afnotum af umdeildu flugskýli „í eigu Flugmálastjórnar“. Stefndi telur, að orðalag í framangreindum skjölum hafi verið á þennan veg, þar sem seljandi hafi ekki haft þinglýsta eignarheimild að skýlinu, en hafi hins vegar talið sig eiga það. Stefndi hefur ekki fært nein rök að þessari fullyrðingu sinni, og styður texti skjalanna þá staðhæfingu stefnanda, að skýlið hafi á þeim tíma verið í ríkiseign. Þá hefur stefndi ekki sýnt fram á eða sannað, að verð hinna afsöluðu muna hafi endurspeglað söluverð á flugskýlinu eða að verðmæti þess hafi verið innifalið í heildarverðinu.

Ágreiningur er um það, hvort stefndi hafi greitt fasteignagjöld af skýlinu allar götur frá því að hann tók við afnotum skýlisins árið 1969.

Samkvæmt álagningarseðlum fasteignagjalda á dskj. nr. 22 og 23 frá árunum 2006 og 2010 var eigandi umdeilds skýlis skráður ríkissjóður og greiðsluhluti skráður á Flugmálastjórn Íslands og síðan Flugstöðir ohf. Þá verður ráðið af tölvubréfum á dskj. nr. 29, að skýlið hafi verið skráð á ríkisstofnanir frá árinu 1992. Loks kemur fram, séu bornar saman færslur vegna húsaleigu úr hreyfingarlista Flugmálastjórnar tímabilið 1. janúar 1996 til 31. desember 2005 við færsluupplýsingar úr innlánakerfi Landsbanka Íslands á Hótel Loftleiðum, að fjárhæðir þessar og dagsetningar stemma við innborganir stefnda, en stefndi hefur ekki hrakið það, að um leigugreiðslur hafi verið að ræða. Styðja öll framangreind atriði eignarheimild stefnanda að umdeildu flugskýli, en stefndi hefur ekki lagt

fram nein gögn, sem benda til þess, að hann sé réttur eigandi skýlisins.

Stefndi byggir á því, að hann hafi eignazt skýlið fyrir hefð á árunum 1969 til 1989.

Fyrir liggja tvö bréf stefnda til Flugmálastjóra á dskj. nr. 7 og 8, annars vegar frá 31. október 1994 og hins vegar frá 30. nóvember s.á., þar sem Helgi Jónsson óskar eftir því f.h. Óðins hf., að kaupa skýlið af Flugmálastjórn. Stefndi leit þannig ekki á sig sem eiganda skýlisins á árinu 1994, og viðurkenndi í raun eignarrétt stefnanda. Hefur hann ekki sýnt fram á, að hann hafi eignazt skýlið fyrir hefð.

Með vísan til alls framanritaðs ber að fallast á kröfur stefnanda í máli þessu. Eftir atvikum þykir rétt að hvor aðila beri sinn kostnað af málinu.

Sigríður Ólafsdóttir héraðsdómari kvað upp dóminn.

-

## **D Ó M S O R Ð**

Viðurkenndur er eignarréttur stefnanda, Ríkissjóðs Íslands, að flugskýli 7 með fasteignamatsnúmer 202-9310-25-0101, sem stendur á Reykjavíkflugvelli, landnúmer 106748.

Málskostnaður fellur niður.

Sigríður Ólafsdóttir